

Skipulags- og byggingarfulltrúi Borgarbyggðar
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 14. ágúst 2024
UST202408-105/E.S.F.
10.04.00

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi - Framræsing fyrir ný tún - Snorrastaðir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 14. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi fyrir framræingu fyrir ný tún í landi Sorrastaða.

Í greinargerð vegna framkvæmda á Snorrastöðum kemur fram að þessi framkvæmd sé hluti af stækkun búsins (Snorrastaðabúi). Allt frá árinu 2016, þegar búið var að taka ákvörðun um að byggja nýtt fjós og stækka búið úr 80 nautgripum í 200, hefur verið unnið að því að stækka tún undir kornrækt. Árið 2020 keyptu eigendur Snorrastaða lögbýlið Miðgarða og sameinuðu jarðirnar. Hluti af þessu landi sem ætlunin er að framkvæma á var Miðgarðaland áður. Allt þetta land er í landbúnaðarnotkun á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Nýju túnin munu liggja ca. norður-suður frá gömlum landamerkjaskurði sem var á milli Miðgarða og Snorrastaða og liggja til suðurs í áttina að Kaldá, þar sem önnur tún eru. Auk þess kemur fram í erindinu að framræsing er nauðsynleg á þessu landi þrátt fyrir að þetta sé gott ræktunarland.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan framkvæmdasvæðisins votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar finnast votlendisvistgerðir með hátt verndargildi sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningnum.

Í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.

Við mat á umsókn um framkvæmdaleyfi ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða

2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Umhverfisstofnun bendir á að ef sveitarfélagið gefur út framkvæmdaleyfi sem gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið skoði aðra valkosti við að ná markmiðum framkvæmdarinnar sem skv. greinagerðinni eru ræktun á korni sem ætlað er í nautgripafóður. Þar kemur einnig fram að það skipti framkvæmdaraðila miklu máli að túnin séu í nálægð við býlið og að vera sjálfbær um fóðuröflun.

Umhverfisstofnun hvetur sveitafélagið til dæmis til að skoða í samstarfi við framkvæmdaraðila hvort innan sveitafélagsins séu nú þegar ónýtt tún sem myndu henta undir þetta verkefni. Einnig mætti skoða hvort aðrir landeigendur að heppilegra ræktarlandi væru til í samstarf um kornræktun fyrir gripafóður. Umhverfisstofnun telur auk þess að skoða þurfi hvort hægt sé að ráðast í markvissar framkvæmdir innan sveitafélagsins til að endurheimta votlendi, t.d. með því að fylla upp í skurði við landsvæði sem ekki er verið að nota sem landbúnaðarland, í stað þess votlendis sem yrði raskað. Við mat á röskun á votlendi þá bendir Umhverfisstofnun á að þegar grafnir eru skurðir vegna framræslu lands getur áhrifasvæði framræslu verið allt að 200 metrar frá skurði.¹

Umhverfisstofnun telur að rökstyðja mætti betur þá almannahagsmuni sem réttlæta röskun á votlendi innan framkvæmdasvæðisins sem um ræðir.

Afrit af útgefnu framkvæmdaleyfi skal sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun bendir á að einn liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er að vernda og endurheimta votlendi. Þar kemur fram að brýnt sé að koma í veg fyrir frekari framræslu votlendis nema brýna nauðsyn beri til.² Þegar votlendi er framræst verður greiðari leið fyrir súrefni niður í jarðveginn og við það losna kolefnis- og köfnunarefnissambönd sem gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið.³ Ísland er partur að Parísarsamkomulaginu en með því er gert ráð fyrir að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og draga úr hlýnun jarðar. Umhverfisstofnun ítrekar því mikilvægi þess að skoða hvort önnur staðsetning á tünnum komi til greina og einnig mögulegar mótvægisáðgerðir vegna röskunar á votlendi.

¹ https://irp-cdn.multiscreensite.com/1ef1ba4e/files/uploaded/sk160307_endurheimt_votlendis.pdf

² <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

³ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f8c0433d-9cca-11e9-9443-005056bc4d74>

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem hefur skv. Náttúrufræðistofnun Íslands verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Borgarfjörður-Mýrar-Löngufjörur (VOT-V 2). Helstu varptegundir á því svæði eru lómur, himbrimi, toppönd og haförn en himbrimi er ein af ábyrgðartegundum Íslands. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fengið sé álit Náttúrustofu Vesturlands varðandi áhrif framkvæmdarinnar áður en framkvæmdarleyfi er veitt.

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Skipulag

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitafélaga skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Þó að framkvæmdasvæðið hafi verið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þá er skv. Náttúrufræðistofnun Íslands votlendi innan framkvæmdasvæðisins sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagslögum kemur fram að við útgáfu framkvæmdaleyfis skal leyfisveitandi ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur